

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um prestakallslán. 125

Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 28. f. m., og beiðni hlutadeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að presturinn að Torfastöðum, síra Magnús Helgason, taki allt að 1000 kr. embættislán upp á prestakallið til túnbóta á prestssetrinu. Lántökuleyfi þetta er þeim skilyrðum bundið, að lánið endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum í lengsta lagi á 20 árum samfleytt frá lántökudegi að telja, og að lánið sje fengið með svo vægum vaxtakjörum, sem audið er.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

Brjef landshöfðingja til stiptsyfirvaldanna um prestakallslán. 126

Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður, og yðar, herra biskup, í brjefi, dagsettu 29. f. m., og beiðni hlutadeiganda, vil jeg hjermeð veita samþykki mitt til þess að presturinn til Skarðsþinga, síra Guðlaugur Guðmundsson á Hvalgröfum, taki allt að 1000 kr. embættislán uppá prestakallið til þess að bæta og gjöra viðauka við íbúðarhúsið á prestssetrinu á þann hátt, sem getur um í nefndu brjefi yðar og skjölum þeim, er því fylgdu, gegn því að hið endurbættu og aukna hús verði eign prestakallsins. Þriðjungur láns þessa skal eigi borgast lántakanda fyr en sannað er, að búiið sje að leggja járnþak bæði á sjálf íbúðarhúsið og viðaukann við það. Að öðru leyti er lántökuleyfi þetta þeim skilyrðum bundið, að lánið endurborgist með jöfnum árlegum afborgunum í lengsta lagi á 20 árum samfleytt frá lántökudegi að telja og að lánið sje fengið með svo vægum vaxtakjörum, sem audið er.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar.

**Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir Norðuramtinu og Austur-
amtinu um eptirlit með fiskiskipum útlendum m. m. 127**

Í brjefi, dagsettu 27. nóvbr. f. á., hafið þjer, herra amtmaður, beiðzt leiðbeiningar minnar að því er snertir skilning á 1. gr. í lögum nr. 2 frá 2. febrúar 1894 um aukatekjur o. fl., og á lögum nr. 28 frá 17. desbr. 1875 um breyting á tilskipun um fiskiveiðar útlendra við Ísland o. fl. 12. febr. 1872, og spurzt fyrir um eptirnefnd atriði:

1. Hvort rjett sje að löggilda menn til þess fyrir hönd sýslumanna að skoða skjöl útlendra fiskiskipa, rita á þau og gefa út heilbrigðisvottorð.

2. Hvort hreppsstjóri hafi nokkurn rjett til að fá helming af gjöldum skipsins, er slíkur löggiltur umbodsmáður skoðar skipsskjölin.

Takið þjer það jafnframt fram, að þótt áðurnefnd lög veiti hreppsstjórum heimild til að skoða skjöl fiskiskipa, og taka þá til sín háltt skipsgjaldið, er þeir skoða skjölin í tjarveru sýslumanns, þá virðist yður eigi hreppsstjórar hafa sjálfstæðan rjett til þessarar skoðunar, þannig að lögreglustjóri sje útilokaður

14. dag janúarm. 1902.